

Ávarp formanns Lí við lok Læknadaga 2021

Ágætu þátttakendur.

Nú er komið að lokum Læknadaga. Enn einu sinni höfum við verið minnt á mikilvægi vísinda til framþróunar í læknisfræði og skyldum greinum. Vísindaleg nálgum með gagnreyndum aðferðum sem taka stöðugum framförum eru frumgildi lækninga. Við sjáum að á læknisævi núlífandi lækna hefur orðið bylting í þekkingu og meðferðarúrræðum sem hægt er að grípa til og veita: Hröðunin í þekkingarsköpuninni er slík að erfitt er að fylgjast með á öllu vígstöðvum sér – og hliðargreina læknisfræðinnar.

Samkomur lækna og símenntunarráðstefnur eru mikilvægir hlekkir miðlinar þekkingar og framþóunar auk þess að vera gleðileg samverustund til eflingar félagslegrar samstöðu og á samtakamætti læknastéttarinnar.

Á læknadögum koma saman læknar alls staðar að á landinu og úr öllum sérgreinum læknisfræðinnar til viðhalds þekkingar sinnar og sérmenntunar. Nú í fyrsta sinn samtengdir á öldum ljósvakans.

Vísindi í skugga heimsógnar

Vísindin efla alla dáð segir í ljóði Þjóðskáldsins en vísindin eiga sér margar hliðar og verður að beita af hugkvæmni og yfirvegum en líka innan siðrænna marka og sæta stöðugri rýni. Í dag stendur mannkyninu ógn af heimsfaraldri sem geisar og ekki sér fyrir endan á.

En heimsbyggðinni hefur í áratugi staðið ógn af annari vá. Af notkun eða misnotkun kjarnorkuvopn. Í dag 22. Janúar 2021 stendur Læknafélag Íslands ásamt öðrum félagasamtökum og Mannréttindaskrifstofu Íslands að áskorun til íslenskra stjórnvalda að fullgilda samning Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum, sem tók gildi í dag.

Kjarnorkuvopn hafa í för með sér óafturkræfan eyðileggingarmátt. Engin læknis- eða mannúðaraðstoð er möguleg strax í kjölfar kjarnorkuárásar. Til frambúðar hefur slík árás skelfilegar afleiðingar fyrir mannfólk, dýraríki, umhverfi og loftslag. Á þetta hefur Lí bent á bæði í umsögn um þingsályktunartillögu sem lá fyrir Alþingi og á fyrri tíð þegar Samtök lækna gegn kjarnorkuvá innan Lí voru og hétu. Við höfum ítrekað okkar afstöðu.

COVID-19 á Læknadögum

Hinar ýmsu myndir COVID-19 faraldursins hafa verið krufin á þremur málþingum á Læknadögum. Þar sem farið var yfir stöðuna í dag í víðu ljósi. Allt frá grunn líf – og læknisfræði. Meðferðarúrræði, bólusetningar, lýðheilsa og viðbrögð íslenskra heilbrigðisyfirvalda. Áhrif á geðheilsu og gagnrýni á viðbrögð heilbrigðisyfirvalda hafa komið fram. Hlutverk vísinda og stöðu sérfræðinga, siðfræðileg álitaefni og hagræn áhrif. Þá var fjallað um sögu farsóttu sem stefnt er að því að miðla til almennings í anda opinna dagskrár undanfarinna læknadaga.

Við þetta tækifæri er vert að minna á ályktun læknafélagsins frá því í vor um covid-19 og bágborna stöðu flóttamanna í Evrópu. Þar segir m.a. :

„...Prófraun á mannúð þjóða og siðmenningu er hvernig þær bregðast við neyð þeirra sem verst standa og eiga sér hvergi heimili. Læknar biðja stjórnvöld Evrópuþjóða um að taka höndum saman um að vernda flóttafólk frá faraldinum jafnt sem eigin borgara. Mannvirðing á sér ekki þjóðerni. Heilsuvernd, lækning og líkn á sér ekki ríkisfang...“

Vert er líka í ljósi umfjöllunar um aðgengi að bóluefnum að minna á samþykkt norræna læknaráðsins sem í sitja formenn norrænu læknafélaganna fimm um gegnsæji og jafnræði við samninga og verðlagningu lyfja, bóluefna og annarra lækningatækja sem send verða ríkisstjórnnum allra Norðurlandanna.

Fjölbreytt dagskrá

Það má segja að heimsfaraldurinn hafi sett svip sinn á skipulag Læknadaga sem nú var alfarið miðlað í gegnum streymi með tengingar til fræðimanna erlendis sem miðluðu fróðleik eins og okkar 130 lækna og innlendir fræðimenn gerðu á yfir 30 málþingum. Samanlagt nær fræðsludagskráin um eða yfir 100 klst. og voru skráðir þátttakendur tæplega 900 þegar síðast var talið.

Við höfum fjallað í vaxandi mæli á læknadögum um áhrif áfalla- og streitu, á velferð og líðan samborgaranna. Í ár var fjallað um sorgina. Um sorgarviðbrögð og sorgarúrvinnslu.

Þörfin fyrir símenntun og að læknar miðli framförum og árangri úr sínum sérgreinum hver til annars fer stöðugt vaxandi og eiga Læknadagar í janúar þar fastan sess sem mikilvægt er að rækta og hvetja lækna til að ástunda áfram með framlagi og þátttöku.

Við munum seint geta fullþakkað þeim úr okkar röðum sem gera Læknadaga mögulega.

Velferð sjúklinga í öndvegi

Velferð sjúklinga og samtal um þjónusta við þá fékk veglegan sess í ár. Má þar nefnda málþing um forvarnir, heilsuvernd og heilsueflingu. Ljósi var varpað á heilsuþætandi áhrif sjósunds með þátttöku forseta Íslands.

Rætt var um margar hliðar lyfjaöryggis, hvernig alvarlegum geðvanda utan geðdeilda er sinnt af heilbrigðiskerfinu, tæknibreytingar í heilbrigðisþjónustu og samvinnu heilsugæslu og sjúkrahúsa í þágu sjúklinga. Þörfina fyrir klíniska gagnagrunna og stöðu vísinda á Landspítala. Endurhæfing og örorka var bæði á dagskrá í hádegisfyrirlestri og málþingi.

Viðbrögð við bráðavandamálum þarf sífellt að rifja upp og hafa á takteinum, skimun fyrir lungnakrabbameini, skyndidauði ungs fólks, margvíslegar birtingarmyndi giktar og svefntengda sjúkdóma. Nýjasta nýtt í greiningu og meðferð heilabilunar og líka nýjungar eins og innæðaaðgerðir vegna blæðinga og æxla.

Gleði og alvara

Við lærðum ný hugtök og kynntumst nýjum hugmyndum byggðar á gömlum grunni eins og ónæmisdekur, lærum um ástina og tilfinningar í ónæmiskerfinu. Tilfinningavíl og ástarsorg í fornsögum og greiningar á kvíða á Sturlungaöld. Sorg og sársauki í Íslendingasögunum var framlag Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar.

Gleðigjafar dekrðu við okkur í hliðardagskrá til að létta okkar lund alla dagana. Þar hafa lækna sýnt á sér hina hliðina, karajóki sveiflur og hvað þeir kokka í svefnherbergingu. Fluguhnýtingar og tónlist og dans. Akademiskar þælingar um ónæmiskerfi álfa. Já og fram kom að fiskar hafa litasjón.

Við sláum botnin í Læknadaga 2021 með lokadagskrá sem hefst hér á eftir kl 17.00 með með staðfærðum spurningaleik að vanda og síðan er hægt að taka nokkur dansspor undir ljúfri tónlist félaga okkar kl. 18.00 og en þá verða einnig fleiri óvæntra uppákomur.

Ekki er hægt að ljúka þessari yfirferð um læknadaga án þess að nefna mikilvægi styrktaraðila og þakka þeim framlag þeirra og stuðning til margra ára. Aðalstyrktaraðili í ár eins og undanfarin ár var Vistor en margir aðrir hafa lagt fram stuðning og kynnt okkur nýjungar í lyfjameðferð og lækningatækum. Stuðningur þeirra er óskilyrtur og í samræmi við samning og reglur LÍ og Frumtaka og regluverk Lyfjastofnunar um kynningar lyfja. Eru þeim færðar enn á ný kveðjur og þakkir fyrir þeirra þátt í að gera Læknadaga mögulega.

Ég vil fyrir hönd stjórnar Fræðslustofnunar lækna og Læknafélags Íslands færa öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn til að gera læknadaga 2021 að veruleika í breyttri mynd á óvenjulegum tímum innilegar og hjartanlegar þakkir. Sérstaklega Margréti Aðalsteinsdóttur og Sólveigu Jóhannsdóttur framkvæmdastjór, tækniliði Hörpu og Advania. Fyrirlesurum og gleðigjöfum. Það hefur verið ævintýri að fylgjast með fæðingu nýrra Læknadaga og horfa á þá verða að veruleika.

Takk fyrir þátttökuna.

Reynir Arngrímsson, formaður LÍ

22. janúar 2021